

Thorhild Slátto



Yfir 20 aðgerðir til að efla símenntun

Nefnd um hæfniumbætur í Noregi hefur kannað hvernig Norðmenn geta náð árangri með símenntun í atvinnulífinu. Þrátt fyrir nafn nefndarinnar hefur hún ekki lagt til stórfelldar umbætur, heldur byggir tillögur sínar aðallega á núverandi kerfum. Það sem virkar vel ætti að efla og þróa áfram. Nefndin hefur skilað ítarlegri skýrslu með fjölbreyttum tillögum, sem koma fram í 23 meginatriðum.



1. Bente Bergsjordet greip til sinna ráða og hóf nám á sextugsaldri – með greinilegu markmiði. Námið var krefjandi, en markmiðinu er náð. Ljósmyndari: Teodor Bergsjordet Oksnes.

Skýrsluna, *Felles ansvar, felles gevinst - Partssamarbeid for kompetanseutvikling i arbeidslivet* (is. Sameiginleg ábyrgð, sameiginlegur ávinningur - Samstarf aðila um hæfnipróun í vinnulífinu) má lesa á norsku [hér](#). Tillögurnar að aðgerðunum, samantekt ásamt útskýringum á því hvað þær fela í sér, eru á blaðsíðum 21 til 24.

Krefjandi

Mótun hæfnistefnu er krefjandi verkefni, ekki síst vegna þess að nú eiga sér stað miklar samfélagsbreytingar með hraðri tækniþróun, ólgu í alþjóðamálum og umskiptum yfir í grænna hagkerfi. Þessar breytingar ögra hefðbundnum vinnubrögðum og krefjast stöðugt nýrrar sérfræðipekkingar. Nefnd um hæfniumbætur átti einmitt að rannsaka og leggja fram tillögur sem gætu mætt þeim krefjandi aðstæðum sem blasa við.

Þríhliða samstarf er stefið

Þríhliða samstarf, yfirvöld ásamt aðilum vinnumarkaðarins, er stefið sem er endurtekin aftur og aftur. Þetta samstarf er eins og stór regnhlíf sem umleikur flesta er málið varðar. Margar aðgerðir, eins og atvinnugeiraráætlanir og áætlunin hæfniplús, hafa reynst árangursríkar um árábil og nefndin vill halda þeim gangandi.

Stuðningsáætlanirnar henta ekki öllum

Síður en svo allir hafa notið góðs af þeim kerfum sem fyrir hendi eru. Margir hafa þurft að fjármagna símenntun sína alfarið sjálfir. Sem ung kona hafði Bente Bergsjordet (54 ára) góða menntun með lektorsréttindum, framhaldsmenntun sem söngkennari og 20 einingar í norsku sem öðru tungumáli.

– Vandamálið var að ég var treg til að byrja að vinna sem kennari við skóla í Ósló. Ég byrjaði að vinna við afleysingar á Norska borgarsögusafninu. Ætlunin var að lifa af tónlistinni, sem söngkennari með söngnemendur og sem kórstjóri. Vinnan á safninu átti bara að vera aukavinna og tónlistin átti að vera aðalstarfið. En svo fékk ég fasta vinnu á safninu og eignaðist tvö börn. Þannig var öllu snúið á hvolf: Aðalstarfið var áfram á safninu en tónlistin varð aukavinna, segir Bergsjordet.

50 ára námsmaður

– Eftir 17 ár á safninu og uppeldi tveggja barna langaði mig að breyta til. Ég fékk leyfi frá safninu til að kenna norsku sem annað tungumál, segir Bergsjordet.

Hún fékk hvorki hvatningu frá vinnuveitandanum né fjárhagsaðstoð frá stofnuninni, en hún ákvað að taka málin í sínar hendur. Hún fór í skóla til að ljúka gráðu í norsku sem annað tungumál í hlutastarfi samhliða vinnunni. Markmiðið var fastráðning.

– Hvaða þjálfun, námskeið eða símenntun hefur þú fengið í gegnum árin í fyrirtækjum þar sem þú hefur starfað?

– Ég hef fengið litla þjálfun, aðeins tvö eða þrjú „sölunámskeið“, sem og skyldunámskeið í öryggismálum annað hvert ár. Það hafa gefist fá tækifæri til þróunar og ég fann fyrir stöðnun í starfinu. Ég þurfti að sækja um ólaunað leyfi til að stunda nám, þar sem menntunin sem ég sóttist eftir skipti engu máli fyrir vinnuveitandann.

Kennari í norsku sem öðru tungumáli

- Enginn hvatti þig til að læra meira, hvað kom þér af stað?
- Eftir að ég hafði prófaði mig áfram sem kennari í norsku sem annað tungumál, langaði mig til að halda áfram námi sem ég hafði byrjað á áður. Nú á ég bara síðasta prófið eftir, og ég tek það í maí.
- Hvernig finnst þér það hafa verið að leggja stund á nám á fullorðinsárum?
- Það var erfitt að byrja aftur í námi haustið 2023, orðin 52 ára! Fyrsta námsgreinin var á ensku, og jafnvel þótt ég hafi grunngráðu í ensku, þá var lestur á fræðilegri ensku krefjandi. Ég vann hörðum höndum og eyddi miklum tíma í námið. Næsta próf var ritgerð eftir önnina og ég vann líka mikið í henni. Það var krefjandi að skrifa fræðilega ritgerð.

Markmiðinu er náð.

- Nú er markmiðinu náð! Eftir að hafa kennt í þrjú ár og að hafa lokið námi hefur mér verið boðið fast starf í sama skóla frá því í ágúst. Þannig að „stritið“ hefur skilað sér.
- Nú þegar þú ert komin með fasta vinnu, myndir þú samt vilja taka þátt í námskeiðum í framtíðinni ef tækifæri gefast?
- Já, ég vil gjarnan læra meira, ég vil gjarnan fara á námskeið. En ég nenni ekki að sækja frekar formlegt nám – ég þoli ekki fleiri próf. Prófkvíði minnkar ekki með aldrinum, segir Bente Bergsjordet brosandi.

Styrkjakkerfi

Fjárhagur er fullorðnum sem vilja hefja nám oft fjötur um fót. Nefnd um hæfnumbreytingar hefur listað upp fjölda styrkjakkerfa sem hún telur að muni stuðla að aukinni símenntun á jákvæðan hátt: Að efla niðurgreiðslur til starfsþjálfunar innan fyrirtækja, stuðning frá því opinbera við endurskipulagningu, launastuðningur við þjálfun, endurmenntunarsjóður (skýring: kerfi um skattaafslátt fyrir fyrirtæki sem sinna færniþróun starfsfólks með háskólamenntun), einstaklingsbundnir námsreikningar og lánasjóður símenntunar.

Lánasjóður símenntunar

Nefndin leggur til að stofnaður verði lánasjóður símenntunar með styrkjakkerfum fyrir starfsfólk sem vill taka þátt í styttri færniþjálfunarnámskeiðum. Þetta þýðir að:

- tiltæk stuðningsupphæð hækkar
- hlutfall námsstyrkja og hámark tekna til þess að breyta lánum í námsstyrki eru hækkaðar
- í starfsstéttum þar sem skortur er á vinnuafli kemur til álita að veita „umskólunarstyrki“
- verið er að íhuga stuðning við valin óformleg námskeið

Pörf á aukinni samþættingu

Við spyrjum fulltrúa aðila vinnumarkaðarins, Alþýðusambandsins LO og atvinnurekendasamtakanna NHO, í nefndinni, nokkurra spurninga.

– Miðað við nafnið, nefnd um hæfniumbreytingar, mætti búast við ítarlegum tillögum, sem myndu leiða til umbóta. En er ekki tillaga nefndarinnar að mestu leyti að leggja áherslu á frekari þróun á þegar rótgrónu þríhliða samstarfi?

– Það er alveg rétt. Nefndin leggur í meginatriðum til að núverandi aðgerðir verði þróaðar og eflar enn frekar, með einni undantekningu, hún er að komið verði á „hæfnivettvangi“ (rafræn gátt), segir forseti Alþýðusambandsins LO Trude Tinnlund.

– Ég tel að nefndin hafi ekki gengið nógu langt í að vera meðvituð um samfélagslega ábyrgð sína. Meirihlutinn hefur aðeins stutt aðgerðir sem að mestu byggja á forsendum fyrirtækja. Ég er alveg viss um að ef ein af tillögum minnihlutans varðandi stuðning til breytinga/launastuðning við endurskipulagningu nýtur ekki fylgis, þá verða engar umbætur. Það er ótrúlega mikilvægt að tryggja launastuðning við þátttöku í hæfnieflandi aðgerðum þar sem vinnuveitandi greiðir ekki laun. Þetta er mikilvægt til að gefa fleirum tækifæri til að taka þátt og til að ná fram aðgerðum sem eru ekki aðeins í þágu fyrirtækja. Til þess þurfum við aukin framlög frá yfirvöldum. Þörf fyrir endurskipulagningu sem atvinnulífið stendur frammi fyrir er meiri en nokkur atvinnurekandi eða starfsmaður getur einn axlað ábyrgð á. Þess vegna er þörf fyrir að útvíkka samþættinguna, segir Tinnlund.

Pörf fyrir að færa út kvíarnar

Fulltrúi atvinnurekendasamtakanna NHO í nefnd um hæfniumbreytingar er sammála um að áhersla sé lögð á núverandi kerfi en að þörf sé á að víkka þau út.

– Það er rétt að tillaga nefndarinnar byggir á rótgrónu samstarfi milli aðila, sem er mikill styrkur norsku leiðarinnar við endurmenntun. En samstarfið þarf að þróa enn frekar. Lögfræðingurinn Gro Øien hjá NHO telur að efla þurfi vel virkar áætlanir um símenntun í atvinnulífinu til að mæta þörfum sem fylgja grænum umskiptum og stafrænum umbreytingum.

Aðgerðapakki

– Hvaða aðgerðir af þeim sem lagðar eru til telur þú, sem fulltrúi norsku atvinnurekendasamtakanna, vera bestu aðgerðina og hvaða aðgerð telur þú vera raunhæfasta til að hrinda í framkvæmd?



2. Nefndin leggur einnig til úttekt með það að markmiði að koma á fót raunfærnimatskerfi á landsvísu, segir fulltrúi LO í nefnd um hæfnibreytingar, Trude Tinnlund, forseti Alþýðusambandsins LO.



3. Það fyrirkomulag símenntunar í atvinnulífinu sem hefur gefist vel þarf að víkka út til þess að mæta áskorunum sem fylgja stafrænni umbreytingu og grænum umskiptum, segir Gro Øien lögfræðingur hjá atvinnurekendasamtökunum NHO. Ljósmynd: NHO.

– Nefndin leggur til pakka með fleiri aðgerðum sem saman munu efla símenntun í atvinnulífinu. Það er því ekki eðlilegt að draga fram einstakar aðgerðir. En þess ber að geta að í valferlinu hafa eftirfarandi ráðstafanir verið sérstaklega mikilvægar fyrir NHO, segir Øien, og telur upp:

- Þróun stafræns hæfnivettvangs
- Veita styrkir til þjálfunaráætlana fyrirtækja
- Koma á kerfi námsstyrkja fyrir starfsfólk sem sækir styttri hæfnipróunarnámskeið í gegnum lánasjóð símenntunar
- Rýmka og efla þríhliða áætlun atvinnugeira um hæfnipróun
- Styrkja og þróa áætlunina um Hæfniplús í samræmi við þarfir atvinnulífsins
- Þróa hæfnisvottorð sem lýsa og flokka óformlegt nám

Fjárfesting upp á hálfan milljarð norskra króna á næsta ári

Øien bendir á að norsku atvinnurekendasamtökin (NHO) hafi lagt til heildarfjárfestingu að 500 milljónum norskra króna yrði veitt til

að fylgja eftir hæfnibreytingum í fjárlagafrumvarpi fyrir 2026, þar af 150 milljónum sem væri úthlutað til þríhliða atvinnugeiraáætlana um hæfnipróun.

Launastyrkur afar mikilvægur

– Hverja þessara aðgerða sem lagðar eru til telur þú, sem fulltrúi Alþýðusambandsins LO, vera raunhæfasta að hrinda í framkvæmd?

– Með þeim umbreytingum sem atvinnulífið stendur frammi fyrir, hvað varðar tæknipróun, stafræna umbreytingu og græn umskipti, er mikilvægt að endurmennta starfsfólk á meðan það er við störf. Það mun hafa mikla félagslega og efnahagslega þýðingu. Ég tel að allar tillögurnar séu raunhæfar og eins og ég sagði er mikilvægt að komið verði á laggirnar fjárhagslegum launastuðningi/endurskipulagningarstuðningi. Eftir viðræður verkalýðsfélaga framlínufaganna á síðasta ári var 25 milljónum úthlutað í fjárlögum til samstarfs milli helstu samkeppnisgreinanna og yfirvalda. (Framlínufögin er samheiti fyrir atvinnugreinar sem eiga í mikilli erlendri samkeppni á heimamarkaði og norsk útflutningsfyrirtæki sem eru í alþjóðlegri samkeppni.)

Raunfærnimat

Bæði fulltrúum NHO og LO eru raunfærnimatið og hæfnivottorð fyrir óformlegt nám hugfólgin.

– Nefndin leggur einnig til að gerð verði ný úttekt með markmiði um að koma á fót alhliða kerfi fyrir raunfærnimat, þar sem hægt er að skrá og meta hæfni sem aflað er í gegnum atvinnu. Kerfið verður að

tengja saman menntun og atvinnu. Úttektin mun ná yfir bæði verkfæri til að kortleggja hæfni og hæfnivottorð, segir Tinnlund.

NLL – Norrænt samstarf um símenntun hefur unnið mikið með mat á raunfærni og hefur í mörg ár haft sitt eigið net fyrir mat á raunfærni. NLL hefur meðal annars gefið út leiðbeiningar frá ráðgjafa um tölfræði raunfærnimats.

Stafrænn hæfnivettvangur

Til að auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að finna út hvað, hvar og hvenær hægt er að sækja námskeið og nám, þarf að þróa stafrænan hæfnivettvang, að áliti nefndarinnar. Brýnt er að slíkur vettvangur safni saman aðgerðum og verði eina gáttin að upplýsingum um þær. Þar þarf að vera hægt að nálgast upplýsingar um námskeið og nám, fjármögnunarleiðir og verkfæri og úrræði sem gagnast geta fyrirtækjum við hæfnipróun, segir í skýrslunni. Ekki er ætlunin að byggja upp alveg nýjan stafrænan vettvang, heldur ætti að einbeita sér að því að þróa áfram þær lausnir sem nú eru fyrir hendi.

Verkfæri til að kortleggja hæfni

Kortlagning hæfni er gott verkfæri til að fá yfirsýn yfir þá hæfni sem starfsfólk fyrirtækisins býr yfir. Það auðveldar einnig greiningu á hæfnipörfum bæði fyrirtækis og einstaklinga. Nefndin leggur til að þróað verði verkfæri til að kortleggja hæfni. Jafnvægislíkanið verður eitt nokkurra þátta sem munu gagnast við þróun kortlagningartóls á þessu sviði. ([Norsk skýrsla: Balansekunst – hvordan og hvorfor beskrive kompetanse som bygges opp i arbeidslivet](#))

Í umsagnarferli

Nefnd um hæfnibreytingar hefur lagt fram margar vel rökstuddar aðgerðir. Skýrslan hefur nú verið send út til umsagnar með fresti til 1. júlí. Þegar umsagnirnar hafa borist getur vinnumála- og inngildingarráðuneytið haldið áfram að vinna úr tillögnum. Þetta verður að gerast í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins – þar sem meginmarkmiðum skýrslu nefndarinnar um hæfniumbætur verður fylgt eftir.

Um höfundinn:



Thorhild Slåtto hefur starfað við menntamál í margvíslegu samhengi, meðal annars sem forstöðumaður Fleksibel utdanning Norge, ritstjóri hjá Landbruksforlaget, blaðamaður, höfundur fræðigreina og starfar nú sjálfstætt.